

Lætur þú atkvæði þitt falla með heimilunum?



Forsendur gengis- og verðtryggðra lánasamninga eru brostnar.

Ýmislegt bendir til þess að lánastofnanir hafi á undanförunum árum stuðlað með beinum hætti að óeðlilegum hækkunum á höfuðstóli gengis- og verðtryggðra lána. Slíkt hefur gerst í gegnum gengishrun krónunnar með tilheyrandi verðbólguþörf. Stjórnvöldum ber að leiðrétta tafarlaust þá eignaupptöku sem þar á sér stað.

Efnahagsvandi íslenskra heimila hlýtur að teljast alvarlegur, þegar **42% heimila eru með neikvæða eða afar takmarkaða eiginfjárstöðu** (tekið er mið af fasteignamatum um síðustu áramót). Verði ekki gripið til fyrirbyggjandi aðgerða er líklegt að heimilum með neikvæða eiginfjárstöðu fjölgi verulega. Um 80% heimila eru með gengis- eða verðtryggð veðlán vegna fasteigna og eru því meirihluti kjósenda. Heimilin eiga rétt á **skýrum** svörum um afstöðu flokkanna til lánamála þegar þau ákveða hvernig þau verja atkvæðum sínum á kjördag þann 25. apríl nk.

Hvað ætlar þinn flokkur að gera til að:

- 1** Leiðrétta gengis- og verðtryggð veðlán heimilanna?
Hvernig ætlar hann að gera það og hvenær?
- 2** Leysa brýnan vanda vegna gengistryggðra veðlána?
Hvernig ætlar hann að gera það og hvenær?
- 3** Leysa ört vaxandi vanda vegna verðtryggðra veðlána?
Hvernig ætlar hann að gera það og hvenær?
- 4** Jafna stöðu og ábyrgð milli lántakenda og lánveitenda veðlána?
Hvernig ætlar hann að gera það og hvenær?

Svör við þessum spurningum verða birt hér í blaðinu 20. apríl n.k.

Heimild: Áhrif fjármálakreppu á efnahag heimila - bráðabirgðaniðurstöður starfshóps Seðlabanka Íslands 11. mars 2009

Hagsmunasamtök Heimilanna

Skráðu þig strax í dag í samtökin á
heimasíðunni www.heimilin.is

